

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í septembermánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í október 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. september 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 384

20. september 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu háspennulínu (Búrfellslínu 3B) frá Hamranesi í Hafnarfirði að Sandskeiði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. september 1990 staðfest skipulagsuppdrátt er sýnir legu háspennulínu (Búrfellslínu 3 B) frá Hamranesi í Hafnarfirði um Garðabæ, Reykjavík, Kópavog og Mosfellsbæ að Sandskeiði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Garðabæjar, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs og bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.